**Nd. 747. Breytingartillaga [109. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá Ingvari Gíslasyni.

1. málsliður 1. gr. orðist svo:

Ákvæði laga þessara taka til atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og meðlima þeirra í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúum eða fleiri, svo og til atvinnurekenda og meðlima verkalýðsfélaga, þótt búsettir séu í fámennari sveitarfélögum en hér greinir, enda séu hlutaðeigandi sveitarfélög á félagssvæði verkalýðsfélaga, sem ná til kaupstaða og kauptúna með 300 íbúum eða fleiri.